# Ársreikningur 2023

*Bogfimisambands Íslands*

bogfimisamband íslands

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Ársreikningurinn sýnir að starfsemi BFSÍ var mun meiri að umfangi á árinu 2023 heldur en á árinu 2022. Tvær meginskýringar eru á því. Annars vegar var Covid-19 faraldurinn að fjara út á árinu 2022, sem þýddi að hægt var að senda landsliðið í bogfimi á fleiri alþjóðleg mót. Hin skýringin er sú að á árinu 2022 var BFSÍ fært upp um flokkun hjá Afrekssjóði ÍSÍ úr C/þróunarsambandi í B/alþjóðlegt samband. Þessi breytta flokkun sambandsins þýddi betri möguleika fyrir BFSÍ til þess að sækja um styrki tengt kostnaði afreksstarfs sambandsins í Afrekssjóð ÍSÍ. Stuðningur Afrekssjóðs ÍSÍ hefur verið mjög mikilvægur fyrir BFSÍ við eflingu afreksstarfs og fyrir það á ÍSÍ þakkir skildar.

Það er álit stjórnar BFSÍ að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2023 gefi glöggt yfirlit um rekstrarárangur og fjárhagsstöðu sambandsins í árslok 2023.

Stjórn Bogfimisambands Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 24. mars 2024

| | |
|---|---|
| Guðmundur Örn Guðjónsson<br>formaður | Haraldur Gústafsson<br>varaformaður |
| Albert Ólafsson<br>gjaldkeri | Astrid Daxböck<br>meðstjórnandi |
| Oliver Ormar Ingvarsson<br>ritari | |

# Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, þingkjörnir skoðunarmenn Bogfimisambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2023. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfsskyldur stjórnar. Í framhaldi af athugun okkar þá leggjum við til að fyrirliggjandi ársreikningur verði samþykktur.

Reykjavík . mars 2024

______________________

Haukur Hallsteinsson

______________________

Ólafur Gíslason

# REKSTRARREIKNINGUR 1. JANÚAR - 31.DESEMBER 2023

| ***Tekjur*** | **Skýr.** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Þátttökugjöld á mótum BFSÍ ........................ | | 1.624.500 | 2.252.700 |
| Hlutur keppenda v/þátttöku á erl mótum. | | 15.351.466 | 11.013.993 |
| Tekjur af íslandsmetaviðurkenningum o.fl. .. | | 0 | 66.380 |
| Ríkisstyrkur frá ÍSÍ ...................................... | | 2.750.000 | 2.750.000 |
| Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ ................................ | | 12.150.000 | 10.000.000 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ ………………………. | | 3.926.461 | 3.762.995 |
| Styrkir frá Ólympíusamhjálpinni………….. | | 1.683.180 | 1.560.060 |
| Aðrir styrkir og framlög……………………… | | 1.610.360 | 121.640 |
| Hlutdeild í lottótekjum ................................. | | 6.452.949 | 4.951.025 |
| Félagsgjöld aðildarfélaga ............................... | | 810.000 | 0 |
| Húsaleigustyrkir frá Bogfimisetrinu ……… | | 8.725.600 | 5.487.900 |
| Tekjur samtals | | 55.084.516 | 41.966.693 |
| | | | |
| ***Gjöld*** | | | |
| Stjórnun og rekstur ……………………............. | 2 | 8.966.553 | 6.415.638 |
| Afreksstarf ……………………………................. | 3 | 41.194.526 | 28.960.067 |
| Fræðsla og útbreiðsla ………………………..... | 4 | 3.088.037 | 2.417.631 |
| Mótahald ........................................................ | 5 | 3.676.116 | 3.731.788 |
| Gjöld samtals | | 56.925.232 | 41.525.124 |
| | | | |
| **Afkoma f. fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | -1.840.716 | 441.569 |
| | | | |
| ***Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld*** | | | |
| Vaxtatekjur .................................................... | | -94.992 | -20.686 |
| Fjármagnstekjuskattur ................................. ... | | 20.898 | 4.551 |
| Fjármagnsliðir samtals | | -74.094 | -16.135 |
| | | | |
| **Afkoma ársins – hagnaður / -tap** | | -1.766.622 | 457.704 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

| ***Eignir*** | **Skýr.** | **31.12.2023** | **31.12.2022** |
|---|---|---|---|
| ***Veltufjármunir*** | | | |
| Bankainnistæður og sjóðir .......... | | 4.581.938 | 2.796.981 |
| Óuppg lottó og útbreiðslust ......... | | 1.948.702 | 2.094.406 |
| Lokagreiðsla frá afrekssjóði……. | | 1.150.000 | 0 |
| Greitt v. móta næsta árs o.fl……. | | 534.439 | 7.588.214 |
| Veltufjármunir samtals | | 8.215.079 | 12.479.601 |
| ***Eignir alls*** | | 8.215.079 | 12.479.601 |

| ***Skuldir og eigið fé*** | | | |
|---|---|---|---|
| ***Eigið fé*** | | | |
| Eigið fé í upphafi árs ................... | | 5.542.201 | 5.084.497 |
| Afkoma ársins ……………………. | | -1.766.622 | 457.704 |
| Eigið fé samtals | | 3.775.579 | 5.542.201 |
| ***Skuldir*** | | | |
| Skammtíma viðskiptaskuldir… | | 0 | 0 |
| Innb þátttakenda v. næsta árs…. | | 4.439.500 | 6.937.400 |
| Skuldir samtals | | 4.439.500 | 6.937.400 |
| ***Skuldir og eigið fé alls*** | | 8.215.079 | 12.479.601 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Bogfimisambandsins (BFSÍ) er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að teknu tilliti til leiðbeininga ÍSÍ um fjárreiður íþrótta-hreyfingarinnar. Uppgjörsár BFSÍ er almanaksárið. Umtalsverð vinna er unnin í sjálfboðavinnu í þágu BFSÍ og er sú vinna ekki færð til bókar.

Í leiðbeiningum ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar er gerð krafa til þess að húsaleigustyrkir sveitarfélaga til íþróttahreyfingarinnar séu sýndir í reikningsskilum. Bogfimisambandið fær ekki húsaleigustyrki frá sveitarfélögum. Starfsemi BFSÍ fer fram í húsnæði Bogfimisetursins. Sambandið fær styrk frá Bogfimisetrinu í formi afsláttar af húsaleigu og er sá húsaleigustyrkur sýndur sérstaklega í reikningsskilunum.

Í reikningsskilunum er sýndur heildar útlagður ferðakostnaður á alþjóðleg mót sem Bogfimisambandið sendir keppendur á fyrir Íslands hönd. Hér er tilgreindur bæði kostnaður greiddur af Bogfimisambandinu auk þess sem greitt er af einstökum íþróttamönnum. Hlutdeild íþróttamanna við þátttöku í alþjóðlegum mótum er sérgreind í reikningsskilunum. Rétt er þó að taka fram að inn í hlutdeild keppenda geta verið styrkir sveitarfélaga og/eða íþróttahéraða vegna þátttöku á alþjóðlegum mót.

## 2. Stjórnun og rekstur

| | **2023 kr.** | **2022 kr.** |
|---|---:|---:|
| Laun og launatengd gjöld | 6.690.423 | 4.785.214 |
| Slysatryggingar starfsmanna | 101.882 | 37.929 |
| Húsa- og vallarleiga | 672.000 | 672.000 |
| Félagsgjöld að alþjóðasamt (WA) | 390.713 | 0 |
| Lögfræðiaðstoð | 0 | 103.788 |
| Funda- og þingkostnaður | 39.700 | 0 |
| Flug | 98.453 | 102.225 |
| Gisting og annar ferðakostnaður | 4.720 | 202.224 |
| Ritföng og annar kostnaður | 61.626 | 50.992 |
| Sími og internet | 264.633 | 131.523 |
| Tölvukostnaður og bókhaldskerfi | 642.403 | 325.863 |
| Annar kostnaður | 0 | 3.880 |
| **Samtals gjöld stjórnun og rekstur** | **8.966.553** | **6.415.638** |

## 3. Afreksstarf

| | 2023<br>kr. | 2022<br>kr. |
|---|---|---|
| Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ | -12.150.000 | -10.000.000 |
| Húsaleigustyrkir | -6.739.200 | -3.500.000 |
| Hlutdeild keppenda í kost alþ móta | -15.351.466 | -11.013.993 |
| Aðrir styrkir og framlög | -917.382 | -131.350 |
| **Tekjur samtals** | **-35.158.048** | **-24.645.343** |
| | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8.881.320 | 5.898.148 |
| Slysatryggingar starfsmanna | 0 | 55.485 |
| Verktakagreiðslur til þjálfara | 0 | 91.170 |
| Landsliðsbúningar | 534.197 | 532.994 |
| Íþróttaáhöld til bogfimiþjálfunar | 404.930 | 7.705 |
| Ferðakostnaður erlendis | 22.645.184 | 16.715.957 |
| Tap vegna aflýsingar á EM innand | 549.651 | 0 |
| Sjúkrakostnaður / heilbr.teymi | 994.076 | 1.004.151 |
| Húsa- og vallarleiga | 6.739.200 | 4.198.000 |
| Félagsgjöld í alþ. Samtök | 0 | 345.454 |
| Annar kostnaður | 445.968 | 111.003 |
| **Samtals gjöld afreksstarfs** | **41.194.526** | **28.960.067** |
| | | |
| **Gjöld umfram tekjur** | **6.036.478** | **4.314.724** |

## 4. Fræðsla og útbreiðsla

Stærsta fræðsluverkefni ársins var að fá þjálfara kennara frá alþjóða bogfimisambandinu til þess að halda alþjóðlegt þjálfaranámskeið stig II (WA L2) hér á landi. Mögulegt var að halda þetta námskeið vegna styrks sem fékkst frá Ólympíusamhjálpinni. UMF Afturelding á Reykhólum stofnaði bogfimideild á árinu. BFSÍ veitti stuðning við að koma þessari deild af stað m.a. með því að fara og halda bogfiminámskeið á Reykhólum.

| | 2023<br>kr. | 2022<br>kr. |
|---|---|---|
| Styrkir Ólympíusamhjálpar | -1.683.180 | -1.560.060 |
| Húsaleigustyrkur | -633.400 | 0 |
| **Tekjur samtals** | **-2.316.580** | **-1.560.060** |

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga vegna námskeiða | 1.452.870 | 1.236.400 |
| Annar kostn. v. námskeiða | 774.802 | 675.721 |
| Merkjavara (barmmerki o.fl.) | 230.000 | 152.500 |
| Akstur v. útbreiðslu á Reykhólum | 148.740 | 0 |
| Útsendingar frá mótum | 447.300 | 250.241 |
| Búnaður v. Útbreiðslu | 34.325 | 102.650 |
| Banka- og þjónustugjöld | 0 | 119 |
| **Gjöld samtals** | **3.088.037** | **2.417.631** |
| | | |
| **Gjöld umfram tekjur** | **771.457** | **857.571** |

## 5. Mótahald

Stærstu mótin sem haldin voru á árinu á voru Íslandsmeistaramótin innandyra sem haldin voru í Bogfimisetrinu fyrri hluta árs og Íslandsmeistaramótin utandyra sem haldið voru í um mitt ár á Hamranesvelli í Hafnarfirði. Einnig var sett á laggirnar á árinu Bikarmótaröð BFSÍ og flest þeirra voru tengd við heimsmótaröð alþjóða bogfimisambandsins.

| | **2023 kr.** | **2022 kr.** |
|---|---|---|
| Þátttökugjöld á mótum | -1.624.500 | -2.252.700 |
| Húsaleigustyrkur | -1.053.000 | -1.387.900 |
| Aðrir styrkir og framlög | -412.149 | -22.020 |
| **Tekjur samtals** | **-3.089.649** | **-3.662.620** |
| | | |
| Íþróttaáhöld | 560.000 | 131.500 |
| Verðlaunapeningar | 586.350 | 314.600 |
| Húsa- og vallarleiga | 2.359.150 | 2.935.700 |
| Annar mótahaldskostnaður | 166.776 | 345.928 |
| Bankakost. og þjónustugjöld | 3.840 | 4.060 |
| **Gjöld samtals** | **3.676.116** | **3.731.788** |
| | | |
| **Gjöld umfram tekjur** | **586.467** | **69.168** |

## 6. Evrópumeistaramótinu innandyra 2023 í Tyrklandi aflýst viku fyrir mót

Á árinu 2022 var greitt fyrir flug, gistingu og þátttökugjöld þátttakenda BFSÍ á Evrópumeistaramótinu í bogfimi innandyra sem halda átt í Samsun í Tyrklandi daganna 13-18 febrúar 2023. Rúmri viku fyrir mótið þ.e.a.s. aðfaranótt 6. febrúar varð jarðskjálfti 7,8 að stærð í suðurhluta Tyrklands. Jarðskjálftinn hafði skelfilegar afleiðingar, mörg hús hrundu og tugir þúsunda manna létust í Tyrklandi og nágrannaríkinu Sýrlandi. Viðbrögð tyrkneskra stjórnvalda var m.a. að aflýsa öllum alþjóðlegum íþrótta-viðburðum í Tyrklandi þ.m.t. Evrópumeistaramótinu í bogfimi.

BFSÍ var með 33 skráningar á mótið og 4 fylgdarmenn sem er lang stærsti hópur sem BFSÍ hefur ætlað að senda á eitt mót. Niðurfelling mótsins olli BFSÍ fjárhagslegu tjóni að fjárhæð 549.651 kr. sem var kostnaður við hótelgistingu hópsins í Kaupmannahöfn sem ekki fékkst endurgreiddur. BFSÍ fékk endurgreitt flugfargjöld frá Icelandair og Tyrkneska flugfélaginu. Þátttökugjöld og hótel í Tyrklandi voru einnig að fullu endurgreidd á árinu 2023. BFSÍ er mjög þakklátt fyrir samstarf við alla þessa aðila og Verdi Travel. Að sögn annarra landa komu þau mun verr út úr aflýsingu mótsins en BFSÍ.

Þátttaka í EM innandyra var stærsta verkefnið sem BFSÍ áætlaði að fara í á árinu 2023 og var því niðurfelling þessa móts því töluverð röskun á starfi sambandsins.